

Umhverfisstofnun
Áb. _____
01. mars 2016
Tilv. _____

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1. mars 2016
UST201601-023/E.D.K.
08.14.02

Úrbótaáætlun samþykkt – máli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. janúar sl. þar sem áformað var að áminna Norðurþing vegna fráviks sem kom fram við reglubundið eftirlit með urðunarstað í Laugardal þann 13. maí sl. en þá hafði þegar verið bætt úr öðru frávikum sem var útistandandi þegar eftirlit fór fram, en það varðaði skil á magntölum úrgangs, og þær hafa nú borist stofnuninni.

Frávikum sem áformað var að áminna fyrir varðar að mælingum á stöðu grunnvatns var ekki lokið þegar eftirlit fór fram, en stöðu grunnvatns á að mæla fyrir 1. maí og 1. október hvert ár, og í seinni mælingunni á einnig að mæla samsetningu grunnvatns. Mælingar hafa ekki verið framkvæmdar, en rekstraraðili hefur gert ráðstafanir til að framkvæma þessar mælingar fyrir 1. maí 2016, sbr. upplýsingar sem bárust í tölvupósti 1. febrúar sl. Umhverfisstofnun samþykkir þessa úrbótaáætlun og fer fram á að niðurstöður grunnvatnsmælinga verði senda stofnuninni í tölvupósti á netfangið ust@ust.is um leið og þær liggja fyrir.

Eftirfylgnimáli sem hófst með bréfi dags. 5. janúar 2016 telst nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 23.800kr.

Virðingarfyllst

Eva Kristjáns

Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri